

Sæl Sigrún,

Við brugðum á nýtt í vetur og buðum áhugasömum börnum upp á það að "eiga hest" tímabundið, þannig var að lágmarkstími var 1 mánuður í senn og við redduðum reiðskólahesti og hesthúsplássi ásamt öllum viðlegubúnaði, s.s. reiðtygi og fóðri og hlutatil fóðrun, sköffuðum járningu og skeifur. Við erum afskaplega litið félag á litlu svæði og ekki eru nema um 100 börn á grunnskólaaldri en 6 þeirra tóku þátt í þessu og voru með hest og riðu út í mánuð og skiptust á að moka og hirða hestana að morgungjöf undanskyldri. Þetta var mjög gaman og þeim til stuðnings að þá fór einhver forsvarsmaður með þeim í útreiðartúr á meðan þau voru svona að komast upp á lagið.

Síðan héldum við 10 daga reiðnámskeið í sumar líkt og síðastliðin ár og var þátttakan mjög góð.

Frekara æskulýðsstarf var ekki á okkar vegum í ár.

Kær kveðja,  
Erla